

Sp.

510. Nefndarálit

[120. mál]

um till. til þál. um endurskoðun á aðild Íslands að Norður-Atlantshafssamningi og Atlantshafsbandalagi.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessarar þáttill. Meiri hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins, leggur til, að hún sé felld, en ég lagði sem fulltrúi Alþýðubandalagsins til, að hún yrði samþykkt. Fulltrúar Framsóknarflokksins sátu hjá.

Tilgangur þáttill. er að tryggja, að safnað sé upplýsingum frá öllum hliðum um þær hugmyndir, sem nú eru uppi meðal aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins um framtíð þess, og að athuguð sé sérstaklega aðstaða Íslands í ljósi fenginnar reynslu og breyttra aðstæðna. Með þessu móti ætti að vera mögulegt að kynna þjóðinni frá öllum hliðum aðstæður þessa máls, þegar að því kæmi að taka ákvarðanir um, hvort Ísland yrði áfram í þessu hernaðarbandalagi eftir 1969.

Svo sem kunnugt er, var sú ákvörðun að fleygja hlutleysisstefnunni, sem Ísland hafði fylgt frá 1918, fyrir borð og ganga í hernaðarbandalag 1949 gerð að þjóðinni forspurðri, án allrar rannsóknar á Alþingi og undir meira og minna lognum forsendum. Meðal annars var því þá yfirlýst, að inngöngunni í hernaðarbandalagið mundi alls ekki fylgja herseta, en tveim árum síðar kom í ljós, að þetta var beinlínis blekking, og bandarískt innrásarlið hernam landið að Alþingi og þjóðinni forspurði og hefur setið hér síðan.

Það er því sjálfsagt, að nú, þegar sú stund nálgast, að Ísland geti aftur losað sig úr greipum þess erlenda hervalds, sem í aldarfjórðung hefur haft tök á landinu. Þá verði af hálfu Alþingis gert allt, sem í þess valdi stendur, til þess að þjóðin kynnist öllum hliðum þessa umdeilda vandamáls, þegar góður tími er til þess að ræða það frá öllum hliðum.

En jafnframt er auðséð, að mikil breyting hefur orðið á i stjórnmalum Evrópu á þessum árum síðan 1949. Aðeins örfáir ofstækismenn trúa nú lengur á þá „árásarhættu“ frá Sovétríkjunum á Vestur-Evrópu, sem mönnum var talin trú um að til væri 1949. Höfuðhætta styrjaldar í Evrópu felst nú fyrst og fremst í endurhervæðingu Vestur-Þýskalands og þeim ofstopa herforingja- og auðmannaklíku þar, sem hyggur á landvinninga í Mið-Evrópu að hætti Hitlers. Og einmitt þetta endurfædda þýzka herveldi, sem áður hefur tvisvar komið af stað heimsstyrjöld, er nú í Atlantshafsbandalaginu.

Augljóst er þegar, að Atlantshafsbandalagið leysist upp í þeirri mynd, sem það hefur verið í, þar sem Frakkland, aðalstofnríki þess á meginlandi Evrópu, hefur þegar slitið allri hernaðarsamvinnu við það.

Enn fremur er augljóst, að það er æ meir að losna um tengsl Danmerkur og Noregs við Atlantshafsbandalagið hvað hernaðarsamvinnu snertir, — og nauðsynlegt, að við Íslendingar fylgjumst vel með því, sem er að gerast með þeim frændþjóðum vorum í þessu máli.

Það er því mjög óviturlegt, svo að ekki sé meira sagt, að ætla að fylgja Bandaríkjastjórn í yfirgangsstefnu hennar í heiminum eins og hlýðinn þjónn, og þora ekki eða vilja athuga, hvað er að gerast í heiminum í kringum okkur, og skýra þjóðinni frá því frá öllum hliðum.

Þjóðin á kröfu á því, að þetta mál, sem varðar sjálfstæði hennar og líf, sé athugað frá öllum hliðum, svo að hún geti kynnt sér alla málavöxtu. Það er ófært, að komið sé aftan að henni með villandi upplýsingar á síðustu stundu og knúðar fram ákvarðanir að henni forspurðri, eins og hvað eftir annað hefur gerzt í þessum málum á undanförunum aldarfjórðungi.

Þess vegna legg ég eindregið til, að þessi þáttill. sé samþykkt og Alþingi skipi þar með nefnd til þess að athuga þetta mál og skýra þjóðinni frá því frá hinum ýmsu sjónarmiðum.

Alþingi, 18. apríl 1966.

Einar Olgeirsson.